

## \*Innflutningur á bifreið

Úrskurður nr. 5/1999.

**Í máli þessu er ágreiningur um tollverð bifreiðar sem keypt var í Þýskalandi. Tollstjóri ákvarðar tollverð skv. 20.-21. gr. reglugerðar nr. 374/1995. Kærandi gerir kröfu um að reikningur fyrir kaupnum verði lagður til grundvallar útreikningi tollverðs. Ríkistollanefnd staðfesti ákvörðun tollstjóra**

Lög nr. 55/1987. 8.gr., 10.gr., 100.gr.og 101.gr. Reglugerð 374/1995, 2.-3.gr., 10.-15.gr., 17.-21.gr.

Með bréfi, dags. 23. mars 1999, sem barst nefndinni 7. apríl s.á. kærir S úrskurð tollstjóra frá 23. mars 1999, um tollverð bifreiðar af gerðinni "Subaru Legacy Wagon 2.2 GX", árgerð 1993, sem kom til landsins í sendingu nr. S ARN 25 11 8 DE BRV V027, skráningarnúmer K. Kærandi gerir þá kröfu að innkaupsverð bifreiðarinnar samkvæmt reikningi að fjárhæð DEM 6.500 verði lagt til grundvallar tollverðsákvörðun.

Í greinargerð hins kærða úrskurðar tollstjóra frá 23. mars 1999, segir m.a. að bifreiðin sé af gerðinni Subaru Legacy Wagon 2.2 GX, árgerð 1993. Innkaupsverð sé samkvæmt framlögðum vörureikningi DEM. 6.500. Innifalið í því verði eru fjórir hjólbarðar á felgum sem voru í farangursgeymslu bifreiðarinnar við innflutning. Þá segir í greinargerðinni að í reglugerð nr. 374/1995 sé kveðið á um að bera skuli saman reikningsverð og viðmiðunarverð í viðskiptalandinu. Verð á bifreiðum af sömu gerð og undirtegund sem hér um ræðir sé samkvæmt DAT Marketspiegel, sem er handbók um markaðsverð notaðra bifreiða í Þýskalandi, DEM 12.577.- (án virðisaukaskatts). Akstursmælir sýnir að bifreiðinni hefur verið ekið 72.605 km. Innkaupsverð var einnig verið borið saman við uppgefið verð í Schwacke, sem einnig er virt handbók um markaðsverð notaðra bifreiða í Þýskalandi. Skráð markaðsverð er nánast það sama í báðum þessum handbókum. Tollstarfsmenn skoðuðu bifreiðina og í ljós kom að hún er ríkulega búin aukahlutum og verður að teljast vel með farin þrátt fyrir smáskemmdir á afturstuðara og hægra frambretti að mati skoðunarmanna. Þá kemur fram í greinargerðinni að innflytjandi gefi m.a. þá skýringu á lágu innkaupsverði bifreiðarinnar að Subaru bifreiðar séu erfiðar í sölu í Þýskalandi, þjónustubók sé ekki fyrir hendi til að staðfesta akstur og að fyrri eigandi hafi ekki getað sýnt fram á að bifreiðin hafi verið smurð reglulega. Þá kveðst innflytjandi dveljast langdvölum í innkaupslandinu og hafi því möguleika á að gera góð kaup.

Tollstjóri telur skýringar innflytjanda ekki fullnægjandi til að réttlæta hið lága innkaupsverð bifreiðarinnar og hafnar því að framlagður vörureikningur verði lagður til grundvallar við tollafgreiðslu bifreiðarinnar. Tollstjóri telur ekki unnt að ákvarða tollverð samkvæmt 10. til 14. gr. reglugerðar nr. 374/1995 og því verði tollverð ákvarðað samkvæmt 21. gr. reglugerðarinnar. Tollstjóri úrskurðar samkvæmt 100. gr. tollalaga nr. 55/1987, með áorðnum breytingum að tollverð bifreiðarinnar K skuli vera ísl. kr. 648.130

Í samræmi við 4. mgr. 101. gr. tollalaga var kæran send ríkistollstjóra. Í kröfugerð ríkistollstjóra, dags. 21. maí 1999, er þess krafist að hinn kærði úrskurður tollstjóra verði staðfestur með vísan til forsendna hans.

Kröfugerð ríkistollstjóra var send kæranda til umsagnar þann 26. maí s.l. í ábyrgðarpósti og var honum veittur ákveðinn frestur til að tjá sig um kröfugerðina. Kærandi sendi nefndinni ekki umsögn um kröfugerð ríkistollstjóra innan frestsins.

Ríkistollanefnd hefur farið yfir þau gögn sem aðilar málsins hafa lagt fram og haldið fundi um málið. Í máli þessu er deilt um tollverð á bifreið af gerðinni Subaru Legacy Wagon 1993. Innkaupsverð bifreiðarinnar nam samkvæmt framlögðum reikningi DM 6.500.

Samkvæmt 8. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum er tollverð innfluttrar vöru hið svokallaða viðskiptaverð hennar, þ.e. það verð, sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir vöruna. Um tollverð og tollverðsákvörðun gildir reglugerð nr. 374/1995, sem sett er skv. heimild í 10. gr. tollalaga. Í 2. gr. reglugerðarinnar er grunnregla 8. gr. tollalaganna ítrekuð, þ.e.a.s. að tollverð vöru sé viðskiptaverð hennar. Í IV. kafla reglugerðarinnar er á hinn bóginn mælt fyrir um hvernig tollverð vöru skuli ákveðið þegar viðskiptaverð verður af einhverjum ástæðum ekki lagt til grundvallar. Meginreglan við þær aðstæður er sú að leggja skuli viðskiptaverð sams konar vöru á sams konar viðskiptastigi, sem seldar eru eða fluttar inn á sama eða svipuðum tíma og varan, sem verið er að virða, sbr. nánar 10. og 14. gr. reglugerðarinnar. Verði tollverð innfluttrar vöru ekki ákvarðað skv. 2. gr. eða 10.- 14. gr. skal það ákvarðað "með rökréttum hætti samkvæmt meginreglum og almennum ákvæðum samnings um framkvæmd VII. gr. Hins almenna samnings um tolla og viðskipti 1994 og á grundvelli upplýsinga hér á landi", sbr. nánar 15. gr. reglugerðarinnar. Í V. kafla reglugerðarinnar er að finna sérákvæði vegna innflutnings ökutækja. Þar segir m.a. í 20. gr. að við ákvörðun tollverðs skv. 15. gr., þegar ekki reynist unnt að ákvarða tollverð ökutækis á grundvelli 2. eða 10.- 14. gr., skuli tollverð vera viðmiðunarverð nýs ökutækis af sömu tegund og undirtegund eins og það er tilgreint í bifreiðaskrá ríkistollstjóra, reiknað út samkvæmt ákvæðum 21. gr. reglugerðarinnar. Samkvæmt henni skal við útreikning tollverðs í þessu tilvikum fyrst áætla líklegt FOB-verð nýs ökutækis af sömu tegund og undirtegund með þeim hætti að af útsöluverði ökutækisins skv. bifreiðaskrá ríkistollstjóra, er afreiknaður virðisaukaskattur, álagning seljanda, sem skal áætluð 12%, vörugjald, svo og

áætluð fjárhæð gjalda þeirra, sem innifalin eru í tollverði skv. 2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar. Þegar líklegt FOB-verð nýs ökutækis hefur verið fundið út skv. framanskráðu skal það fyrnt vegna aldurs hins innflutta ökutækis á nánar tilgreindan hátt.

Samkvæmt 19. gr. reglugerðar nr. 374/1995 ber ríkistollstjóra að safna saman upplýsingum frá hlutlausum aðilum erlendis um viðmiðunarverð ökutækja í þeim löndum, sem helst má vænta innflutnings frá. Í samræmi við þetta ákvæði hefur ríkistollstjóri lagt tollstjórum til ritið *DAT Marktspiegel*, sem er gefið út af eftirlitsaðilum bifreiðaiðnaðarins í Stuttgart og notað um allt Þýskaland, sem grundvallarrit um verð notaðra bifreiða þar í landi. Upplýsingar þær, sem þar er að finna byggjast á umfangsmiklum reglubundnum markaðskönnunum í Þýskalandi, og hafa ekki verið véfengdar.

Eins og fram kemur í hinum kærða úrskurði byggir tollstjóri ákvörðun sína á því, að skýringar kæranda á því hvers vegna viðskiptaverð bifreiðarinnar væri mun lægra en markaðsverð sambærilegra bifreiða í innkaupalandinu, hafi ekki verið fullnægjandi. Af þeim sökum hafi framlagður vörureikningur ekki verið lagður til grundvallar við tollafgreiðslu bifreiðarinnar heldur hafi það verið ákvarðað samkvæmt ákvæðum 21. gr. reglugerðar nr. 374/1995.

Ljóst er að reikningsverð bifreiðarinnar K er næstum helmingi lægra en markaðsverð á bifreiðum sömu gerðar samkvæmt upplýsingum úr ritinu *DAT Marktspiegel*, útgefnu í september 1998. Þó að reikningsverði verði ekki hafnað við tollverðsákvörðun eingöngu vegna þess að það sé lágt og hagstæðara fyrir kaupanda, en almennt gerist í sambærilegum viðskiptum, er engu að síður ljóst að ef frávik í þessu efni eru mjög umtalsverð verða skýringar á því að vera traustar og haldgóðar ef leggja á þær til grundvallar. Eins og rakið var hér að framan skýrir kærandi þennan mun einkum þannig að bifreiðar af þessari tegund séu mjög óvinsælar í Þýskalandi, þjónustubók bifreiðarinnar hafi ekki legið fyrir og fyrri eigendur hafi ekki getað sýnt fram á að hún hafi verið smurð reglulega. Engin gögn hefur hann þó lagt fram til stuðnings þessum staðhæfingum sínum og engar vísbendingar hafa komið fram um að bifreiðin hafi ekki verið í þokkalegu ástandi.

Með vísan til þessa og í ljósi þess hve frávik á reikningsverði og markaðsverði hennar samkvæmt ritinu *DAT Marktspiegel* er umtalsvert verður að mati nefndarinnar að fallast á það með ríkistollstjóra að kæranda hafi ekki tekist að skýra framangreindan mun á fullnægjandi hátt. Því er með vísan til ákvæða IV. og V. kafla reglugerðar 374/1995 ekki hægt að fallast á þá kröfu kæranda að framlagður reikningur fyrir kaupum á bifreiðinni að fjárhæð DM 6.500.- verði lagður til grundvallar við tollafgreiðslu hennar. Þá er fallist á það mat tollstjóra að ekki hafi verið skilyrði fyrir hendi til þess að beita 10. til 14. gr. reglugerðar 374/1995 við ákvörðun tollverðs hennar og því hafi borið að ákvarða það samkvæmt 21. gr. reglugerðarinnar, sbr. 20. gr. hennar.

Með vísan til þess sem hér að framan hefur verið rakið er fallist á þá kröfu ríkistollstjóra að hinn kærði úrskurður tollstjóra frá 23. mars 1999 skuli standa óbreyttur. Samkvæmt framanrituðu kveður ríkistollanefnd upp svofelldan úrskurð:

Með vísan til 101. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum skal hinn kærði úrskurður tollstjóra frá 23. mars 1999 standa óbreyttur.